

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 113/2006**

**frá 22. september 2006**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2006 frá 7. júlí 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1294/2005 frá 5. ágúst 2005 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1318/2005 frá 11. ágúst 2005 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1336/2005 frá 12. ágúst 2005 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32005 R 1294**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1294/2005 frá 5. ágúst 2005 (Stjtið. ESB L 205, 6.8.2005, bls. 16),
- **32005 R 1318**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1318/2005 frá 11. ágúst 2005 (Stjtið. ESB L 210, 12.8.2005, bls. 11),
- **32005 R 1336**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1336/2005 frá 12. ágúst 2005 (Stjtið. ESB L 211, 13.8.2005, bls. 11).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 205, 6.8.2005, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 210, 12.8.2005, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 211, 13.8.2005, bls. 11.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1294/2005, 1318/2005 og 1336/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.